



Hvað getur mögulega farið úrskeiðis?

Lífið í höfuðborg smáhestanna gæti varla verið fullkomnara en það er, enda byggt á gleði, söng, ævintýrum og órjúfandlegum vinaböndum. En þegar hin vonða og valdagráðuga Tempest Shadow ákveður að taka völdin ásamt ófrýnilegum þjónum sínum neyðast smáhestarnir undir forystu prinsessunnar Skystar til að ferðast þvert í gegnum Smáhestaland og freista þess að finna nýja bandamenn sem geta hjálpað þeim.

Það kannast áreiðanlega flestir við Pony-smáhestana sem hafa verið vinsæl barnaleikföng allt frá því að leikfangaframleiðandinn Hasbro setti þau á markað árið 1981. Í kjölfarið voru síðan framleiddar bæði myndasögur og teiknimyndapættir sem hafa ekki síður notið vinsælda yngstu kynslóðarinnar allt frá byrjun. Þann 11. janúar verður síðan fyrsta bíómyndin í fullri lengd gefin út á DVD og VOD um ævintýri þessara litríku smáhesta, en hún er gerð af sama fólki og skapaði nýjustu teiknimyndaseríuna árið 2010 og sýnd hefur verið í sjónvarpinu undir samheitinu *Vínátta* og *Töfrar*.

Punktar

- Myndin er að sjálfsgöðu talsett á íslensku og eru það m.a. þau Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Selma Björnsdóttir, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Bryndís Ásmundsdóttir, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Heiða Ólafsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson og Viktor Már Bjarnason sem tala fyrir persónurnar, en leikstjóri var Tómas Freyr Hjaltason.



My Little Pony: Bíómyndin

Teiknimynd



Teiknimynd með íslensku tali **Höfundar:** Jayson Thiessen, Meghan McCarthy, Joe Ballarini og Bonnie Zacherle **Útgefandi:** Myndform

11. janúar

